



Fréttatilkynning

16 February 2026 10:11:00 GMT

Arion banki tilkynnir um endurkaupatilboð á EUR 500.000.000 sería 2021-1 sértryggðum skuldabréfum með 0,050 prósent föstum vöxtum á gjalddaga október 2026

EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR TIL BANDARÍKJANNA EÐA YFIRRÁÐASVÆÐA ÞESS (Þ.Á.M PÚERTÓ RÍKÓ, BANDARÍSKU JÓMFRÚAREYJAR, GVAM, BANDARÍSKA SAMÓA, VARSÍMAEYJAR EÐA NORÐUR-MARÍANAHEYJAR) EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU (SJÁ NÁNAR UM TAKMARKANIR Í TILKYNNINGU UM ENDURKAUPATILBOÐ SEM ER BIRT Í KAUPHÖLLINI Í LÚXEMBOURG)

Arion banki hf. tilkynnti í dag um endurkaupatilboð til eigenda 500 milljóna evra sértryggðrar skuldabréfaútgáfu með 0,050 prósent föstum vöxtum á gjalddaga í október 2026, (ISIN: XS2391348740), gegn greiðslu upp að endanlegri samþykktarfjárhæð (hér eftir **endurkaupatilboðið**).

Endurkaupatilboðið er háð þeim skilmálum og skilyrðum (þ.m.t. skilyrðum um nýja fjármögnun) sem er að finna í endurkaupalýsingu (e. Tender Offer Memorandum), dagsett 16. febrúar 2026 og er bundið þeim takmörkunum sem þar er finna.

Nánari upplýsingar um endurkaupin er að finna í tilkynningu sem birt er opinberlega í kauphöllinni í Lúxemborg (www.luxse.com) þar sem skuldabréfin eru skráð. Að uppfylltum tilteknum skilyrðum má nálgast skilmála endurkaupatilboðsins hjá umsýsluaðila endurkaupanna, Kroll Issuer Services Limited (netfang: arionbank@is.kroll.com, sími: +44 20 7704 0880, vefsíða: <https://deals.is.kroll.com/arionbank/>).

Samhliða endurkaupatilboðinu hefur Arion banki hf. tilkynnt að bankinn hyggst, með fyrirvara um markaðsaðstæður, gefa út nýja sértryggða skuldabréfaútgáfu í evrum undir €3.500.000.000 útgáfuramma bankans fyrir sértryggð skuldabréf (nýju sértryggðu skuldabréfin).

Nýju sértryggðu skuldabréfin eru ekki, og verða ekki, boðin eða seld í Bandaríkjunum. Ekkert í þessu skjali eða í endurkaupalýsingu fellur undir sölutilboð eða boð um kaup á nýju sértryggðu skuldabréfunum í Bandaríkjunum eða í nokkurri annarri lögsögu. Ekki er heimilt að bjóða, selja eða afhenda verðbréf í Bandaríkjunum án skráningar undir, eða á grundvelli undantekningar frá skráningarskyldu, bandarísku verðbréfalöggjöfni frá 1933 (e. U.S. Securities Act of 1933, as amended). Nýju sértryggðu skuldabréfin eru ekki og verða ekki, skráð undir bandarísku verðbréfalöggjöfni eða undir nokkurri verðbréfalöggjöf í nokkru fylki eða annarri lögsögu Bandaríkjanna, og mega ekki vera



seld, boðin eða afhent, beint eða óbeint, til eða til hagsbóta fyrir, bandarískan aðila (e. U. S. person).

Umsjónaraðili (e. Sole Dealer Manager) með endurkaupunum er Barclays Bank Ireland PLC.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR). Upplýsingarnar voru sendar til birtingar í gegnum ofangreinda tengiliði þann 2026-02-16 10:11 GMT.

Viðhengi

[Arion banki tilkynnir um endurkaupatilboð á EUR 500.000.000 sería 2021-1 sértryggðum skuldabréfum með 0,050 prósent föstum vöxtum á gjalddaga október 2026](#)